

37. tbl.

27. sept. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Kæru þingeyingar!

Velferðasjóður Þingeyinga vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Velvilji ykkar er ómetanlegur! Nú á tímum hækkandi verðbólgu þrengist í búi hjá mörgum. Við sem höldum utan um sjóðinn finnum fyrir þessu. Við treystum á ykkur vini okkar að leggja okkur lið til að hjálpa! Þessi sjóður hefur verið lífakkeri fyrir marga um áratuga skeið.

Við söfnum umsóknum um aðstoð hjá sjóðnum saman fram til 20. hvers mánaðar og er úthlutað eftir það. Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutanir eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum. Umsóknir berist til: rkihusavik@simnet.is

Allt fé sem inn kemur rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði.
Bankareikningur okkar er 1110-05-402610
Kennitala er 600410-0670

Bestu haustkveðjur og fyrirfram þakklæti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

Stjórnin

Haustfundur Kvenfélags Aðaldæla

verður haldinn að Ýdölum
fimmtudaginn 5. október og hefst klukkan 20:00.

Nýir félagar velkomnir á fundinn.

Stjórn Kvenfélags Aðaldæla



Þingeyjarsveit

Skipulagslýsing vegna deiliskipulagsgerðar að Hofsstöðum, Mývatnssveit

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar samþykkti þann 20. september 2023 að kynna skipulagslýsingu vegna skipulagsgerðar að Hofsstöðum í Mývatnssveit í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tilgangur skipulagsins er að setja fram stefnu um framtíðaruppbyggingu á svæðinu, stuðla að verndun og varðveislu minja og skapa umgjörð fyrir sögutengdan ferðamannastað. Skipulagssvæðið er 29 ha að stærð og nær um minjasvæðið. Um er að ræða endurskoðun á gildandi deiliskipulagi frá 2017. Með gildistöku á endurskoðuðu deiliskipulagi fellur eldra skipulag úr gildi. Skipulagslýsingin verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.thingeyjarsveit.is og á skrifstofu sveitarfélagsins. Skipulagslýsingin er auglýst með umsagnarfresti frá og með 25. september til og með 30. október 2023. Umsagnir við lýsinguna skulu berast skipulagsfulltrúa á netfangið atli@thingeyjarsveit.is eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins, Kjarni, 650 Laugar.

f.h. Þingeyjarsveitar
Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi

Herbergi eða íbúð óskast

Dagmar frá Álftagerði vantar húsnæði í Mývatnsveit eða nágrannasveitum fyrir sig og hundinn sinn Zacky.
Helst til langtímaleigu.

Hafðu samband við dagmar@scienceintolife.com
eða sími 776-5997.

Haustfundur Kvenfélags Mývatnssveitar

verður miðvikudaginn 4. október í Selinu kl. 20:00.
Hefðbundin haustfundarstörf, léttar veitingar og fræðsla.
Þjóðum nýja félaga að sjálfsögðu velkomna
- það er gaman og gefandi að vera í kvenfélagi.

Stjórn Kvenfélags Mývatnssveitar



SPARISJÓÐUR

Suður-Pingeyinga

Kæru viðskiptavinir

Eins og fram hefur komið verður afgreiðslan í Reykjahlíð sameinuð afgreiðslu Sparisjóðsins á Laugum. Síðasti opnunardagur í Reykjahlíð verður föstudagurinn 6. október, eftir það bjóðum við ykkur velkomin til okkar í Kjarna á Laugum og Garðarsbraut 26 á Húsavík.

Opnunartími okkar á báðum stöðum er:

Mánudaga – fimmtudaga	10.00 – 16.00
Föstudaga	10.00 – 15.00

Við hlökkum til að taka á móti ykkur á Laugum, Guðrún María og Ingigerður.

P.s. við verðum með heitt á könnunni þessa síðustu daga